

AUGLÝSING

um skipulagsbreytingar í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi, heildarendurskoðun Sjálands (áður kallað Strandhverfi) við Arnarnesvog.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi, heildarendurskoðun Sjálands, áður kallað Strandhverfi.

Svæðið afmarkast til norðurs af sjó, til suðurs af Vífilsstaðavegi, til vesturs af óbyggðu svæði og af sjó á landfyllingu. Til austurs afmarkast svæðið af sjó á landfyllingu, fyrirhugaðri skólalóð við Löngulínu og lóð þar sem skipulagi er frestað.

Í breytingunni felst að deiliskipulag Sjálands í heild er endurskoðað. Gerðar voru breytingar á skipulaginu með tilliti til nokkurra atriða m.a. byggingarreitir kjallara stækkaðir, spennistöð færð að Vífilsstaðavegi, byggingarreitir íbúðarhæða á tveimur lóðum stækka, byggingarreitur á 1. hæð Jónshúss stækkar á norðurhlið 1. hæðar og þúttvöllur verður á grænu svæði norðan við lóð Jónshúss. Við Strikið þar sem fyrirhugað var að hafa skrifstofur og bensínstöð verður nú einnig gert ráð fyrir möguleika á að hafa stofnun s.s. hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðir. Á vesturhluta svæðisins er strandstígur færður ofar í landið. Afmörkun á austurhluta svæðisins breytist með því að lóð sem átti að vera fyrir verslun og/eða stofnun verður utan skipulagssvæðis en sú lóð verður hluti af fyrirhugaðri lóð fyrir skóla. Auglýst var ný endurskoðuð skipulagsáætlun þ.e. nýr skipulagsuppdráttur, nýr skýringaruppdráttur ásamt nýjum skilmálum með greinargerð og nýju fylgiriti. A auglýsingatíma héngu eldri samþykkt gögn einnig uppi til samanburðar.

Við fullnaðarfrágang skipulagsgagna voru eftirfarandi lagfæringar gerðar: stígur (Sagna-slóð) var færður til suðurs á svæðinu norðan Jónshúss og Strandvegur 21 og 23; gatnamót Vífilsstaðavegar og Löngulínu voru stækkuð lítillega; dreifistöð færð nær vegi; gönguleið er sýnd á milli Löngulínu 7-11 og leikskólalóðar; mörk kjallarareita voru lagfærð í samræmi við byggingarreiti hæða á eftirfarandi lóðum við Löngulínu 13, 16, 27, við Vesturbrú 1 og Nýhöfn 13 (hefur ekki áhrif á stærðir í skilmálum). Við Strandveg 1-5 voru byggingarreitir bílageymslna minnkaðir; lóð við Vesturbrú (leikskóla) færir til í suðurs og stækkar í 5025 m², bílastæði leikskólans verða á stæðum opnum almenningi. Á lóðum við Löngulínu 15-35 (oddatölur) verða bílastæði við götu utan lóðar. Langalína 27-31 og 33-35 verður ein lóð, heildaríbúðatala er óbreytt. Við Löngulínu er byggingarreitum kjallara breytt þannig að þeir eru kerfisbundið 17,5 m eða breiðari þ.e. við hús 16, 20-26, 27-35 (hefur ekki áhrif á hámarksstærðir í skilmálum). Lóðamörk á milli Löngulínu 28-32 og 34 eru lagfærð, stærð lóðanna breytist ekki.

Við ofangreinda endurskoðun hafa verið unnir nýir uppdrættir af svæðinu öllu og ný útgáfa skipulagsskilmála ásamt fylgiriti og skýringarmyndum. Eldri skipulagsgögn falla úr gildi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Hegranes 32.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi að Hegranesi 32 í Garðabæ.

Í breytingunni felst að byggingarreitur sem skilgreindur er á mæliblaði er stækkaður að hluta til norðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Oafngreindar skipulagsáætlanir öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 31. mars 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.